

Fagráð um velferð dýra

Skipulag

Fundarboðandi:	Viktor S. Pálsson	Fundarstaður:	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Þóra Jónasdóttir	Dagsetning:	5. maí 2025
Fundarritari:	Viktor S. Pálsson	Fundartími:	14:00 – 16:00

Pátttakendur: Þóra Jónasdóttir (yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) og Guðrún Birna Brynjarsdóttir, (f.h. Bændasamtaka Íslands). Áheyrnarfulltrúar: Andrés Ingi Jónsson (f.h. DÍS) og Eyjólfur Kristinn Örnólfsson (f.h. BÍ). Starfsmenn: Egill Þorri Steingrímsson og Hildur Arna Gunnarsdóttir.

Dagskrá

1. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

- a. **Titill umsóknar: „Hestar og sauðfé fyrir blóðtökur til framleiðslu á blóðpáttum fyrir rannsóknarstofunota, framleiðsla sermis og prófun bóluefna.“**

Meiri hluti fagráðs veitir jákvæða umsögn með þeim fyrirvara að Matvælastofnun leiti eftir upplýsingum um að hvort hægt sé að afla blóðpátta með öðrum hætti en með blóðtöku úr lifandi dýrum.

Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands gagnrýnir þann asa sem er á afgreiðslu fagráðs á umsögn við umsóknina. Við umfjöllun var bent á hversu mikilvægt dýravelferðarmál það er að tryggja gott aðgengi að bóluefni við sársaukafullum dýrasjúkdómum. Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands kallaði hins vegar eftir frekari rökum til stuðnings því sem fram kemur um nauðsyn þess að nota dýr við framleiðsluna. Vegna þess hversu skammur tími er til stefnu svo haldist samfella í starfsemi umsækjanda var það ákvörðun meiri hluta fagráðs að bíða ekki þeirra upplýsinga heldur afgreiða umsögnina með fyrirvara. Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands getur ekki stutt það og telur varhugavert fordæmi felast í því að hraða sérstaklega afgreiðslu mála vegna tímapressu sem er fyrst og fremst afleiðing þess hvenær umsókn barst.

Egill Þorri Steingrímsson sviðstjóri hjá Matvælastofnun kom inn á fundinn undir þessum fundarlið og vék af fundi að honum loknum.

2. Lausaganga búfjár og umferð.

Ályktun fagráðs frá 25. janúar 2023 um dýr á þjóðvegum var tekin til umræðu. Ljóst er að lítið hefur áunnist frá því fagráðið setti fram ályktun sína. Nauðsynlegt er að taka málið upp að nýju og leita lausna til að knýja fram úrbætur.

Fagráðið ítrekar beiðni um upplýsingar frá lögreglu varðandi umferðarslys vegna lausagöngu búfjár á öllu landinu. Ákveðið var að fá fulltrúa tiltekinna sveitarfélaga, Vegagerðarinnar og lögreglu til að koma á næsta fund fagráðs og ræða hvernig tryggja megir betur velferð dýra við þjóðvegi landsins, sem og til að ræða verkaskiptingu og ábyrgð aðila til að koma í veg fyrir slys og verkferla viðbragðsaðila þegar slys verða.

3. Meðferð sauðfjár í rekstrum og réttum.

Umræður um drög að ályktun fagráðsins sem unnin verður áfram af nefndarmönnum og lögð fram á næsta fundi.

4. Drög að dagskrá næsta fundar.

- a. Lausaganga búfjár og umferð.
- b. Umsóknir um leyfi til dýratilrauna.
- c. Meðferð sauðfjár í rekstrum og réttum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:15. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður haldinn fimmtudaginn 12. júní nk. kl. 13:00 – 16:00.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.